

Mánudaginn 26. mars 1990.

Nr. 219/1988. **Soffía Kristjánsdóttir**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Hebu Hallsdóttur vegna

Þrotabús Sigurðar Helgasonar

(Hróbjartur Jónatansson hdl.).

Kaupmáli. Riftun. Gjöf. Gjaldþrot. Löghald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1988. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hún sýknuð af öllum kröfum stefndu í héraði. Til vara krefst hún þess, að endurgreiðslukrafa stefndu verði felld niður eða lækkuð mjög verulega. Í báðum tilvikum krefst hún þess, að stefnda verði dæmd til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi 10. nóvember 1988.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, er nægjanlega í ljós leitt, að áfrýjandi og Sigurður Helgason tóku upp sambúð í ágúst 1982 og gerðu þá með sér samning 26. ágúst sín í milli um, að Sigurður afhenti henni allar eignir sínar, þar á meðal íbúð að Grenimel 14, Reykjavík.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómara er fallist á þá niðurstöðu hans, að ráðstöfun Sigurðar Helgasonar á íbúðinni að Grenimel 14 til áfrýjanda hafi verið gjöf, sem hafi réttaráhrif gagnvart öðrum en þeim sjálfum frá skrásetningu kaupmála 13. desember 1985 og sé því riftanleg samkvæmt 1. mgr. 51. gr., sbr. 60. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Endurgreiðslukrafa stefndu, sem byggð er á 1. mgr. 62. gr. gjaldþrotalaga, miðast við greiðslu þá, er áfrýjandi fékk í peningum og öðrum verðmætum við sölu fyrrgreindrar íbúðar hinn 6. mars 1986,

en samkvæmt kaupsamningi þann dag dreifðist þessi greiðsla á tímabilið 6. mars 1986 til 2. febrúar 1987.

Samkvæmt kaupmálanum frá 13. desember 1985 og samningnum 26. ágúst 1982 tókst áfrýjandi á hendur að greiða skuld við Lífeyris-sjóð starfsmanna ríkisins, er hvíldi með veði á íbúðinni að Grenimel 14. Við sölu íbúðarinnar voru eftirstöðvar þessarar skuldar 279.992 krónur. Taka ber tillit til þessarar skuldar til lækkunar, þegar metin er endurgreiðsluskylda áfrýjanda.

Ljóst er, að endurgreiðsla kaupverðs yrði miklum erfiðleikum bundin fyrir áfrýjanda, og þar sem gjöf Sigurðar á íbúðinni til áfrýjanda fór í raun fram í ágúst 1982, er rétt með vísan til 65. gr. gjaldþrotalaga að lækka endurgreiðslukröfu stefndu í heild um 600.000 krónur. Samkvæmt því verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu 1.175.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Við flutning málsins í Hæstarétti var bent á, að samkvæmt endurriti úr fógetabók, sem staðfest var af yfirborgarfógetanum í Reykjavík 11. júní 1987, hafi hinn 5. júní 1987 verið gert fjárnám í íbúð áfrýjanda að Hrafnhólum 2, en ekki löghald. Taldi áfrýjandi þetta eiga að leiða til þess, að ekki geti komið til staðfestingar löghalds. Í bókun fógeta kom greinilega fram, að af hálfu stefndu var krafist löghalds í eignum áfrýjanda. Var lögð fram trygging af hálfu stefndu vegna gerðarinnar. Þykir hér vera um að ræða bersýnilega skekkju, sem leiðréttta hefði mátt, sbr. 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Staðfestingarmáli vegna löghaldsgerðarinnar hefur verið réttilega haldið til laga, og ber því að fallast á ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðarinnar.

Samkvæmt ofangreindum úrslitum málsins verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur. Allur gjaf-sóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkis-sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmans, 175.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghalds og riftun gjafar Sigurðar Helgasonar til áfrýjanda, Soffíu Kristjánsdóttur, á íbúð að Grenimel 14, Reykjavík, skulu óröskuð.

Áfrýjandi greiði stefndu, Hebu Hallsdóttur vegna þrotabús Sigurðar Helgasonar, 1.175.000 krónur með hæstu innláns-vöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 10. júní 1987 til greiðsludags, og 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmans, 175.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars M. Guðmundssonar setts hæstaréttardómara og Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmans.

Svo sem rakið er í atkvæði meirihluta dómara, tókst áfrýjandi á hendur samkvæmt kaupmálanum frá 13. desember 1985 að greiða skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er hvíldi með veði á íbúðinni að Grenimel 14. Við sölu íbúðarinnar voru eftirstöðvar þessarar skuldar 279.992 krónur. Taka ber tillit til þessarar skuldar, þegar metin er endurgreiðsluskylda áfrýjanda.

Jafnframt ber að hafa hliðsjón af því, sbr. 2. mgr. 62. gr. gjaldþrotalaga, að áfrýjandi hefur í meira en þrjú ár notið arðs af sölu-verði íbúðarinnar, en á þeim tíma hefur verðgildi endurgreiðslu-kröfunnar rýrnað til muna vegna þróunar verðlags í landinu. Þegar þetta er haft í huga og málavextir að öðru leyti, eru ekki efni til þess, að beitt sé heimild 65. gr. gjaldþrotalaga til að lækka endurgreiðslu áfrýjanda.

Við erum sammála meirihluta dómara um löghaldspátt málsins.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, og forsendna hins áfrýjaða dóms, teljum við, að staðfesta beri hann og dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns hennar, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmans, 175.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 10. júní 1987.

Stefnandi er Heba Hallsdóttir, nnr. 3844-3259, Silungakvísl 21, Reykjavík, vegna þrotabús Sigurðar Helgasonar, nnr. 7867-8089, Hrafnhólum 2, Reykjavík.

Stefndi er Soffía Kristjánsdóttir, nnr. 8245-8174, Hrafnhólum 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi gjöf Sigurðar Helgasonar, nnr. 7867-8089, til þáverandi sambýliskonu hans, nú eiginkonu hans, Soffíu Kristjánsdóttur, stefndu í máli þessu, sem felst í kaupmála þeirra, dagsettum 13. desember 1985, en skráðum í kaupmálabók við embætti borgarfógetans í Reykjavík þann sama dag. Krafist er riftunar gjafarinnar að því marki, sem nauðsynlegt er til fullnustu stefnukröfum og öllum afleiddum málskostnaði.

2. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.775.000 kr. með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 700.000 frá 6.3.1986 til 1.4.1986, en með 2,25% frá þeim degi til 2.5.1986, en af kr. 800.000 frá þeim degi til 2.7.1986, en af kr. 1.000.000 frá þeim degi til 2.9.1986, en af kr. 1.200.000 frá þeim degi til 2.12.1986, en af kr. 1.500.000 frá þeim degi til 2.2.1987, en af kr. 1.775.000 frá þeim degi til 1.3.1987, en með 2,5% frá þeim degi til 6.5.1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að ákveðið verði í dómsorði, að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2.2.1988.

4. Að stefnda verði dæmd til að afhenda og afsala þrotabúi Sigurðar Helgasonar sumarhúsi því í landi Stórafjalls í Borgarfirði, sem stefnda fékk gefins með áður nefndum kaupmála.

5. Að staðfest verði með dómi löghaldsgerð, sem fram fór hinn 5.6.1987 í fasteign stefndu, eignarhluta hennar í fasteigninni Hrafnhólum 2, Reykjavík.

6. Að stefnda greiði málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

1. aðallega, að hún verði algjörlega sýknuð af kröfum stefnanda,

2. til vara, að endurgreiðslukrafa stefnanda í liðum 2 og 4 verði felld niður eða lækkuð mjög verulega.

3. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og með tilliti til 10% söluskatts á lögmannspóknun.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Sigurður Helgason, eiginmaður stefndu, hafi hinn 1. júní 1985 gefið út eða ábekt 10 víxla með gjalddögum á tímabilinu frá 20. júní 1985 til 15. október s.á. Samþykkjandi á víxlum þessum hafi verið Sigurður K. G. Sigurðsson, nnr. 7999-2344, Bakkaseli 8, Reykjavík, en samanlögð fjárhæð víxlanna hafi verið kr. 750.000. Eina greiðslan inn á víxlana hafi verið kr. 100.000 inn á víxil með gjalddaga 20. júní 1985, þannig að ógreiddar séu af samanlagðri fjárhæð þeirra kr. 650.000. Samþykkjandi víxlanna, Sigurður K. G. Sigurðsson, hafi notað víxlana í viðskiptum við kaup á verslun við Réttarholtsveg af Jóni Salómon Bjarnasyni, sambylismanni stefnanda, Hebu Hallsdóttur. Stefnandi hafi notað víxlana til greiðslu skulda í Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði, en þá hafi hún orðið að rita nafn sitt aftast á víxlana sem ábekingur. Víxlarnir hafi ekki greiðst á gjalddögum, og innheimtutilraunir hjá samþykkjandanum hafi ekki borið árangur. Áskorunarmál hafi verið höfðað gegn víxilskuldurum, þeim Sigurði K. G. Sigurðssyni, Sigurði Helgasyni, Kristmundi Hannessyni, Jóni Salómon Bjarnasyni, Valborgu Jónsdóttur og Hebu Hallsdóttur, af Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði, og hafi stefnukröfurnar verið gerðar aðfararhæfar hinn 20. mars 1986.

Iðnaðarbanki Íslands hf. í Hafnarfirði hafi síðan innheimt víxlana hjá stefnanda máls þessa, og hafi stefnandi leyst kröfuna til sín með greiðslu fjárhæðar, sem numið hafi kr. 1.164.530 hinn 20. janúar 1987. Krafa Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði sé nr. 2 á kröfuskrá í þrotabúi Sigurðar Helgasonar. Stefnandi sé einnig eigandi þess víxils, sem sé grundvöllur kröfu nr. 3 í kröfuskránni, sem skráð sé á nafn Kristjáns Stefáns-sonar, að fjárhæð kr. 263.020.

Hinn 2. maí 1986 hafi komið beiðni frá Jóni Briem hdl. um gjaldþrota-skipti á búi Sigurðar Helgasonar til skiptaréttar Reykjavíkur á grundvelli árangurslauss fjárnáms. Með úrskurði skiptaréttarins hinn 8. desember 1986 hafi búið verið tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota, og hinn 18. desember 1986 hafi Sigurður upplýst í skýrslutöku fyrir skiptarétti, að hann sé algerlega eignalaus, eða eins og bókað sé: „Mætti kveðst því algerlega eignalaus í dag, þar sem allar eignir eru séreignir konu hans.“

Með kaupmála, dags. 13. desember 1985, skrásettum og innfærðum í kaupmálabók borgarfégetaembættisins í Reykjavík hinn sama dag, hafi Sigurður Helgason ráðstafað öllum eignum sínum til væntanlegrar konu sinnar, stefndu í máli þessu, þar sem eignir hans séu gerðar að séreign hennar, en það hafi verið:

„1. 3ja herbergja íbúð að Grenimel 14, Reykjavík.

2. Innanstokksmunir allir, sem við nú eigum.

3. Sumarhús í smíðum í landi Stórafjalls í Borgarfirði.“

Á skiptafundi 5. maí 1987 hafi kröfuskra þeirra aðila, sem lýstu kröfum í þrotabú Sigurðar, verið endanlega samþykkt. Þá hafi stefnanda verið heimilað að höfða riftunarmál þetta og reka málið f.h. þrotabúsins, en á sinn kostnað, skv. 114. gr. laga nr. 6/1978.

Málsástæður stefnanda séu þær, að kaupmáli Sigurðar Helgasonar og stefndu hafi öðlast réttaráhrif við skráningu hans hinn 13. desember 1985. Þá hafi Sigurður ráðstafað eignum sínum með því að gera þær að séreign stefndu án nokkurs sýnilegs endurgjalds af hennar hálfu. Hann hafi ekki, svo að vitað sé, átt aðrar eignir en þær, sem hann hafi ráðstafað með kaupmálanum, og hafi hann því eftir ráðstöfun þessa ekki átt fyrir skuldum þeim, sem á honum hafi hvílt. Eftir 1. mgr. 51. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, sé ráðstöfun þessi riftanleg, þar sem hún hafi farið fram innan 6 mánaða fyrir frest dag í þrotabúi þess, sem gjafagerninginn gerði. Þegar kaupmálinn var gerður, hafi Sigurður Helgason einn verið eigandi fasteignarinnar að Grenimel 14, en hann hafi fengið afsal fyrir fasteign þessari hinn 6. apríl 1981. En stefnda hafi selt fasteign þessa Þóru Halldórsdóttur með kaupsamningi, dagsettum 6. mars 1986, fyrir kr. 1.803.300, þar af hafi peningagreiðslur verið kr. 1.775.000, og miðist liður 2 í kröfu stefnanda við það, sbr. 62. gr. gjaldþrotalaga. Krafan í lið 4, um að stefnda skili aftur sumarhúsi því, sem hún fékk gefins með kaupmálanum, byggist á því, að hún hafi ekki ráðstafað sumarhúsi þessu til þriðja manns, sbr. 64. gr. gjaldþrotalaga.

Stefnandi leggur áherslu á það, að þegar hún hafi tekið við víxlunum, hafi þeir, sem ritað höfðu á þá, verið eignamenn. Sigurður Helgason hafi verið þinglýstur eigandi íbúðar, og þetta hafi stefnandi athugað. Síðan hafi hann ráðstafað eignum sínum með gjafagerningi, og samkvæmt hinni hlutlægu reglu 1. mgr. 51. gr. gjaldþrotalaga sé slíkur gerningur riftanlegur. Afhending gjafarinnar teljist hafa verið við þinglýsingu kaupmálans, sem hafi verið 13. desember 1985, sbr. 60. gr. laganna. Stefnandi mótmælir því, að stefnda hafi eignast þessar eignir fyrr, sbr. framlagningu hennar á skjali í máli þessu, sem kallað sé „kaupmáli“ og dagsett sé 26. ágúst 1982. Sterkar líkur séu fyrir því, að skjal þetta hafi verið búið til síðar, og beri stefnda sönnunarbyrði um, að samningur sá, sem skjalið greini, hafi í raun verið gerður á þessum tíma. Sú sönnun hafi ekki tekist, en jafnvel þótt talið væri, að sönnunin hefði tekist, þá hefði samningurinn eingöngu gildi milli þeirra, sem hann gerðu, en ekkert gildi gagnvart þja manni.

II.

Stefnda kveður málavexti þá, að Sigurður Helgason og þáverandi eiginkona hans, Ólöf Lára Ágústsdóttir, hafi skilið að borði og sæng þann 28.

nóvember 1980. Þá hafi eignum þeirra verið skipt, m.a. með sölu á sam-eiginlegu íbúðarhúsnæði þeirra að Digranesvegi 14 í Kópavogi. Það, sem í hlut Sigurðar hafi komið við söluna, hafi hann notað til að kaupa íbúð að Engihjalla 1, Kópavogi, en þá íbúð hafi hann selt strax og keypt 3ja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 14 við Grenimel í Reykjavík. Á árunum 1980, 1981 og 1982 hafi Sigurður átt í umtalsverðum erfiðleikum vegna áfengisneyslu. Stefnda og Sigurður hafi kynnst á árinu 1981 og tekið upp náið samband, og hafi stefnda veitt Sigurði mikla aðstoð, m.a. fjárhagslega. Þau hafi eignast dóttur þann 19. ágúst 1982, og þá hafi þau tekið upp sambúð, og hafi stefnda flutt til heimilis Sigurðar ásamt dóttur þeirra. Stefnda hafi verið í góðu starfi sem verslunarstjóri í Skólavörubúð Námsgagnastofnunar, en vegna sambúðarinnar hafi hún þurft að hætta starfinu. Hún hafi átt nokkrar eignir, og hún hafi aðstoðað Sigurð með fjárfram-lögum. Í ljósi þessa hafi þau gert með sér samning um skiptingu eigna. Samningurinn sé lagður hér fram í málinu, og hann sé nefndur kaupmáli, dagsettur 26. ágúst 1982, en sé í raun samningur milli sambúðarfólks um skiptingu eigna. Í samningi þessum segi:

„Við undirrituð, Sigurður Helgason Grenimel 14 Reykjavík og Soffía Kristjánsdóttir Blómvallagötu 10 A Reykjavík gerum í dag eftirfarandi samkomulag:

1. Ég Soffía samþykki að flytja að Grenimel 14 með nýfædda dóttur okkar í sambúð með Sigurði.

2. Til tryggingar fjárhagslegri framtíð þeirra og með tilliti til þess að Soffía verður að hætta vinnu til að taka að sér heimili okkar afsala ég Sigurður öllum mínum eignum til Soffíu sem er 20% eignarhluti í Grenimel 14, bifreið og innbú.

Ég Soffía tek að mér að greiða áhvilandi skuldir af Grenimel 14, þeirra á meðal lífeyrissjóðslán á nafni Ólafar Láru Ágústsdóttur þegar eftir því verður gengið.

3. Við ákveðum að ganga í hjónaband um leið og Sigurður hefur fengið lögskilnað frá fyrri konu sinni. Munum við þá ganga formlega frá kaupmála og þinglýsa. Eignaaukning sem kann að verða fram til þess tíma telst vera eign Soffíu.“

Samningur þessi hafi verið forsenda þess, að stefnda hafi samþykkt að stofna til sambúðar með Sigurði. Hún hafi verið meira en tuttugu árum yngri en hann, og hann hafi verið nýfráskilinn og átt í miklum erfiðleikum vegna áfengisneyslu. Hún hafi þurft að tryggja framtíð sína og dóttur þeirra, og Sigurður hafi eindregið viljað stofna til sambúðarinnar. Eftir stofnun sambúðar hafi stefnda keypt gamlan vigtarskúr í Sandgerði fyrir kr. 10.000, og hafi skúrin verið fluttur á landspildu í Borgarfirði, sem Sigurður hafi haft á leigu. Hinn 4. nóvember 1984 hafi stefnda keypt svefn-

skúr, sem fluttur hafi verið á sama land og skeyttur við fyrrgreinda skúrinn, og hafi skúrarnir verið endurbættir og gerðir að sumarbústað, sem stendur á stólpum og ekki varanlega við landið tengdur. Sumarbústaðurinn sé því ekki fasteign, heldur lausafé, sem frá upphafi hafi verið í eigu stefndu. Stefnda hafi greitt upp skyndilán, sem hafi verið á vegum Sigurðar, og árið 1985 hafi hún greitt upp lífeyrissjóðslán fyrrverandi eiginkonu Sigurðar samkvæmt ákvæðum samningsins.

Svo sem tilgreint sé í samningnum frá 26. ágúst 1982, hafi ætlun Sigurðar og stefndu verið að ganga í hjónaband og þar með láta skrá „kaupmála“ þennan. Verulega hafi dregist, að unnt væri að ganga frá lögskilnaði Sigurðar við fyrrverandi eiginkonu sína, og hafi þar einkum ráðið mjög alvarleg veikindi konunnar, sem þjáðst hafi af krabbameini. Sigurður og stefnda hafi eignast aðra dóttur á árinu 1984, og árið 1985 hafi loks verið gengið frá lögskilnaðinum, og þau hafi gengið í hjónaband í árslok, en látið skrá kaupmála, sama efnis og samnings þeirra frá árinu 1982, áður en þau gengu í hjúskap.

Á miðju ári 1985 hafi Sigurður án vitneskju stefndu samþykkt að árita sem útgefandi og/eða ábekingur 10 víxla, sem samþykktir hafi verið af Sigurði K. G. Sigurðssyni. Vinnufélagi Sigurðar, Kristmundur Hannesson, hafi á sama hátt gefið út og áritað suma af víxlum þessum. Víxlarnir hafi verið notaðir af Sigurði K. G. Sigurðssyni í viðskiptum, og hafi söluandvirði þeirra ekki með neinum hætti runnið til hagsbóta fyrir Sigurð Helgason. Víxlarnir hafi einungis greiðst að litlu leyti, og hafi verið gengið að víxilskuldurum, og hafi bú Sigurðar K. G. Sigurðssonar verið tekið til gjaldþrotaskipta 8. maí 1986, bú Sigurðar Helgasonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 8. desember 1986 og bú Kristmundar Hannessonar þann 13. febrúar 1987. Vixilkröfunum hafi verið lýst í öll þrotabúin, og hafi Heba Hallsdóttir fengið heimild þrotabúa Sigurðar Helgasonar og Kristmundar Hannessonar til höfðunar tveggja dómsmála til riftunar og endurkröfu hér fyrir dómi.

Stefnda hafi selt íbúð sína að Grenimel 14 og hlut sinn í íbúð að Blómvallagötu 10 A á árinu 1986 og keypt íbúð að Hrafnhólum 2, Reykjavík, og sé íbúð þessi nú eina fasteign félagsbús þeirra hjóna.

Málsástæður og lagarök stefndu.

1. Aðalkrafa stefndu er byggð á því, að samningur hennar og Sigurðar Helgasonar frá 26. ágúst 1982 hafi verið samningur á milli sambúðarfélks um skiptingu eigna þess og sá samningur hafi haft réttaráhrif samkvæmt efni sínu. Stefnda hafi í máli þessu sannað, að samningurinn hafi í raun verið gerður á þessum tíma, þar sem vitni hafi borið um, að þeim hafi verið um samninginn kunnugt á þessum tíma, þótt vitnin hafi ekki séð

samninginn sjálfan. Framburður vitnanna, sem hafi verið móðir stefndu, systir hennar, systir Sigurðar Helgasonar og sonur hans af fyrri hjónabandi auk Sigurðar Helgasonar sjálfs, hafi verið í alla staði trúverðugur og styðji framburð stefndu um tilurð samningsins og kringumstæður á þessum tíma. Samningurinn frá 26. ágúst 1982 hafi því verið gildur og haft réttaráhrif samkvæmt efni sínu milli aðila hans, þ.e. stefndu og Sigurðar Helgasonar. Þá sé ljóst, að enginn gjafagerningur hafi farið fram milli þeirra á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag.

Stefnandi byggir mál sitt á hinni hlutlægu riftunarreglu 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga og krefjist riftunar á „gjafagerningi“, sem „afhentur“ hafi verið með kaupmála þeirra hjóna 13. desember 1985. Það sé eðli kaupmála hjóna, að með þeim sé unnt að gera eign annars að séreign hins, og þá megi líta svo á, að gjafagerningur fari fram. En með kaupmála sé einnig og oftast eign annars gerð að séreign hans sjálfs til þess að vernda eign hans. Gerð kaupmála sé því alls ekki í eðli sínu gjafagerningur, heldur geti gjafagerningur verið í honum, en þurfi ekki að vera þar. Þau verðmæti, sem kaupmáli stefndu og Sigurðar Helgasonar taki til, hafi verið eignir hennar fyrir hjúskapinn, og þess vegna hafi kaupmálinn ekki falið í sér „gjafagerning“, sem riftanlegur sé skv. 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga. Stefnda hafi öðlast forræði og heimildir eignanna þegar með samningnum 26. ágúst 1982, og hún hafi því haft fulla vernd gegn réttargerðum, t.d. fjárnámum, sem kynnu að beinast gegn Sigurði Helgasyni. Við túlkun á 60. gr. gjaldþrotalaga, sem stefnandi byggir á, verði að athuga, að ákvæðið miði við það tímamark, er ráðstöfun er gerð með þeim hætti, að þriðji maður öðlist ekki betri rétt með réttargerð, en ekki sé miðað við, að ráðstöfun þurfi að halda gagnvart grandlausum viðsemjanda. Því beri að líta svo á, að samningurinn frá 26. ágúst 1982 hafi öðlast réttaráhrif frá dagsetningu hans, og 60. gr. laganna sé því ekki til fyrirstöðu í því, að fallist verði á sýknukröfu stefndu.

Stefnda styður sýknukröfu sína auk þessa með því, að endurgreiðslukrafa stefnanda byggist á 62. gr. gjaldþrotalaga, þ.e. þeirri fjárhæð, sem svari til auðgunar stefndu af hinni riftanlegu ráðstöfun. En stefnda hafi ekki auðgast eða hagnast af gerð kaupmálans, og séu því skilyrði 62. gr. laganna ekki uppfyllt.

2. Varakröfu sína styður stefnda þeim rökum í fyrsta lagi, að kröfur stefnanda í tl. 4 hafi ekki lagastoð, þar sem umrætt sumarhús sé lausafé, er hafi frá öndverðu verið í hennar eigu, og þeirri eignarheimild þurfi ekki að þinglýsa, þannig að 60. gr. gjaldþrotalaga geti engan veginn átt við um þessa eign. Í öðru lagi sé bent á varðandi kröfur í tl. 2, að jafnvel þótt ekki yrði fallist á, að stefnda hafi ekki auðgast við gerð kaupmálans, þá sé sýnt og upplýst, að auðgun hennar geti aldrei verið reiknuð meira en kr. 1.038.907.

Stefnda styður kröfu sína um niðurfellingu eða lækkun á kröfum stefnanda einnig með vísan til 65. gr. gjaldþrotalaga. Ákvæði þetta feli í sér þau sanngirnissjónarmið, að heimilt sé að lækka eða fella niður kröfu, ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin, að ósanngjarnt megi teljast, og önnur atvik leiði til hins sama. Í máli þessu sé upplýst og óumdeilt, að stefnda hafi allt frá upphafi kynna þeirra hjóna árið 1981 lagt til með aðstoð móður sinnar og annarra aðstandenda verulegar fjárhæðir í sameiginlegt bú þeirra. Íbúðin að Hrafnhólum 2 sé eina verðmæta eign búsins, og myndi dómur, sem skyldaði hana til að greiða einhverjar umtalsverðar fjárhæðir, hafa í för með sér fjárhagslegt skipbrot fyrir fjölskylduna með tvö börn á framfæri. Þetta beri að meta á móti kröfu Hebu Hallsdóttur, sem gengið hafi frá skuldbindingum sínum með því að gefa út venjulegt skuldabréf og þar með öðlast þessa kröfu á hendur stefndu, sem sett gæti heimili hennar í rúst, án þess að þau hafi nokkru sinni haft fjárhagslegan ávinning af fjárhæðum þeim, sem lýst hafi verið í þessu máli. Fræðimenn hér og erlendis hafi fjallað um þessa sanngirnissreglu 65. gr. laganna og skýrt hana svo, að henni sé einmitt ætlað að taka til slíks tilviks.

III.

Ágreiningur málsaðila snýst í fyrsta lagi um það, hvort eignir þær, sem gerðar voru að séreign stefndu í kaupmála hennar og Sigurðar Helgasonar 13. desember 1985, hafi verið eignir hennar fyrir eða hvort um gjafir Sigurðar til hennar hafi verið að ræða, sem þá séu riftanlegar skv. 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Af hálfu stefndu er nægilega leitt í ljós, að þegar þau Sigurður hafi tekið upp sambúð í ágúst 1982, hafi þau gert með sér samning sín í milli, þar sem Sigurður afsalaði til hennar öllum eignum sínum, sem voru:

20% eignarhluti í Grenimel 14, bifreið og innbú.

Íbúðin að Grenimel 14 var þó aldrei skráð eða þinglýst á nafn stefndu, og verður því ekki talið, að stefnda hafi haft venjulegar eignarheimildir að íbúðinni á hendi, enda hefðu skuldheimtumenn Sigurðar getað gengið að íbúðinni. Með kaupmálanum var íbúð þessi gerð að séreign stefndu. Með hliðsjón af 1. og 2. mgr. 30. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 20/1923 um fjármál hjóna verður að telja, að þessi ráðstöfun íbúðarinnar að Grenimel 14 til stefndu hafi verið gjöf, sem 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga tekur til. Með skráningu kaupmálans í kaupmálabók hinn 13. desember 1985 fór sú þinglýsing fram, sem færði eignarheimildir að íbúðinni frá Sigurði Helgasyni til stefndu, og telst hún því afhending gjafarinnar skv. 60. gr. gjaldþrotalaga. Það var innan frestsins í 1. tl. 51. gr. laganna, og er ráðstöfun þessi því riftanleg.

Stefnda seldi íbúð þessa hinn 6. mars 1986 og fékk kr. 1.775.000 í pen-

ingum fyrir, og gerir stefnandi kröfu í tl. 2 um greiðslu þessa fjár til búsins skv. 62. gr. gjaldþrotalaga.

Andmæli stefndu við fjárhæð þessarar kröfu byggjast á sérstökum fjárfraðslögum hennar til félagsbús hennar og Sigurðar Helgasonar á árunum 1982-1985, samtals að fjárhæð kr. 354.234,03, sem eigi að valda því, að eignir Sigurðar Helgasonar, sem taldar séu kr. 1.393.142 í skattframtölum, beri að lækka um þessa fjárhæð og verði því kr. 1.038.907 og hagnaður stefndu skv. 62. gr. laganna geti aldrei orðið hærri en nemi þessari fjárhæð.

Á þetta verður ekki fallist. Rift er gjöf til hennar, sem hún seldi, og verður henni því gert að greiða það fé, sem hún fékk við söluna á gjöfinni, hvað sem líður öðrum fjármálum þeirra hjóna, áður en þau gengu í hjónaband. Ekki verður heldur talið, að 65. gr. gjaldþrotalaga veiti hér heimild til lækkunar á endurgreiðslukröfunni. Verður stefndu því gert að greiða þrotabúinu kr. 1.775.000 ásamt vöxtum frá stefnubirtingardegi, en krafa stefnanda um dráttarvexti verður ekki tekin til greina, þar sem telja verður, að lagaheimild fyrir henni skorti. Krafa stefnanda í tl. 3 er því ekki tekin til greina.

Í tl. 4 gerir stefnandi kröfu um, að stefnda afhendi og afsali þrotabúinu sumarhúsi því í landi Stórafjalls í Borgarfirði, sem stefnda hafi fengið gefins með kaupmálanum.

Gegn andmælum stefndu og fraðslögðum gögnum hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að sumarhús þetta hafi verið eign Sigurðar Helgasonar og að um gjöf til stefndu hafi því verið að ræða. Verður þessi kröfufiliður því ekki tekin til greina.

Taka ber til greina kröfu stefnanda um staðfestingu löghaldsgerðar, er fram fór hinn 5. júní 1987 í fasteign stefndu að Hrafnhólum 2, Reykjavík.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Framangreint löghald er staðfest.

Rift er gjöf Sigurðar Helgasonar til stefndu, Soffíu Kristjánsdóttur, á 3ja herbergja íbúð að Grenimel 14, Reykjavík, í kaupmála þeirra, sem dagsettur er 13. desember 1985.

Stefnda, Soffía Kristjánsdóttir, greiði stefnanda, Hebu Hallsdóttur vegna þrotabús Sigurðar Helgasonar, kr. 1.775.000 með vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 10. júní 1987 til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.